**18. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 23. september 2015 og hófst hann kl. 18:00**

**Fundinn sátu:**
Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Kristinn Pétursson aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Hlini Baldursson aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Anna Leif Elídóttir verkefnisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Anna Leif Elídóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1502041 - Stefnumörkun í menningarmálum**

Bæjarstjóri kynnir stjórnkerfisbreytingar fyrir menningar- og safnanefnd.

*Bæjarstjóri víkur af fundi kl. 18:40.*

**2. 1411125 - Írskir dagar 2015**

*Hallgrímur Ólafsson, verkefnastjóri Írskra daga 2015 mætir til fundar kl. 18:40. Hann greinir frá því hvernig hátíðin gekk fyrir sig. Hann er mjög ánægður með það hvernig til tókst.*
*Hallgrímur víkur af fundi kl. 19:40.*

**3. 1509315 - Bæjarhátíðir 2016, dagsetningar**

Verkefnastjóri leggur fram tillögur að dagsetningum viðburða árið 2016.

*Bæjarhátíðir á Akranesi, tillögur um dagsetningar 2016.*

*Menningarmálanefnd leggur til að eftirfarandi dagsetningar verði fyrir valinu fyrir hátíðahöld á Akranesi árið 2016.*

*Þrettándagleði á Þyrlupallinum er miðvikudaginn 6. janúar 2016*
*Írsku vetrardagarnir verði haldnir í samstarfi við stofnanir Akraness, félög og einstaklinga 27.-29. febrúar 2016. Þar sem keltneskri arfleifð svæðisins er gert hátt undir höfði.*
*Sjómannadagurinn er 5. júní 2016*
*Þjóðhátíðardagurinn er haldinn hátíðlegur á Akratorgi föstudaginn 17. júní 2016*
*Írskir dagar verði haldnir um allan bæ dagana 7.-10. júlí 2016*
*Vökudagar verði á Akranesi 27. október - 6. nóvember 2016*
*Jólatrésskemmtun verði á Akratorgi og jólaljósin tendruð, laugardaginn 26. nóvember, fyrstu helgina í aðventu.*

**4. 1509314 - Viðhald Kubbaleikur**

Verkefnastjóri gerir grein fyrir viðhaldi á útilistaverkum.

*Verkefnastjóri fór yfir viðhald í umhverfinu í kring um Kubbaleik Guttorms Jónssonar. Búið er að tyrfa í kring um verkð og laga ljóskastara í samstarfi við framkvæmdasvið.*

## 5. 1501398 - Vökudagar 2015

Dagskrárdrög lögð fram.

*Verkefnastjóri lagði fram drög að dagskrá Vökudaga. Hægt er að nálgast dagskrárdrög hjá verkefnastjóra og senda inn viðburði í netfangið anna.leif.elidottir@akranes.is*

## 6. 1508389 - Fjárhagsáætlun menningar- og safnanefndar 2016

Fjárhagsáætlun rædd.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.**